



BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

Íslenska - unglingar

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (AG) er traust kunnáttu í móðurmáli meginundirstaða staðgóðrar menntunar og lestur öflugt tæki til að taka þátt í samfélaginu. Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf mynda þann fyrsta, síðan lestur og bókmenntir, þá ritun og að síðustu málfræði. Í Brúarásskóla eru allir þættir íslenskunnar fléttað jafnt og þétt inn í Brúarverkefni, morgunstund er nýtt í yndislestur, hlustun er markviss þar sem nemendur þurfa að hlusta á samnemendur sína kynna verkefni en eins og segir í AG er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum.

Hlustun og bókmenntaþátturinn er tekinn með kennara þegar hann les skáldsögu og unnið er með hana auk þess sem nemendur læra að skrifa heimildaritgerð og bókmenntaritgerð.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda og á hans ábyrgð að rækta og nýta málið. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli.

Markmið við lok 10.bekkjar geti nemandi

- ✓ flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas og gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar
- ✓ átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- ✓ tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær
- ✓ hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli, myndefni, upplestri, leiknu efni og tónlist
- ✓ lesið almenna texta, lagt mat á þá og túlkað, skilið mikilvægi þess að geta lesið með mismunandi aðferðum
- ✓ beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð,
- ✓ notað algeng hugtök í bragfræði, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga
- ✓ leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum, lagt mat á gildi og trúverðugleika þeirra
- ✓ Skráð heimildir samkvæmt reglum

- ✓ beitt helstu málfræðihugtökum, skilið einkenni orðflokka, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun

Námsmat

- ✓ Símat
- ✓ Jafningjamat
- ✓ Leiðsagnarmat